

Silkitoppur í heimsókn

Silkitoppur hafa verið að sjást víða á Íslandi að undanfögnu. Þessi ungfugl á myndinni hér fyrir ofan, sem tekin var á Hvanneyrarhólum á Siglufirði á laugardag, er í þeirra hópi.

Silkitoppur verpa í norðanverðri Skandinavíu og fylgja þaðan barrskógabeltinu austur um Rússland og í Norður Ameríku. Þær eru miklar berjaætur. Þegar fæðuframboðið minnkar leggjast þær í flakk og sjást þá í vestanverðri Evrópu, m.a. hér á landi, og eru þá sólgnar í epli og þvíumlíkt. Þær koma yfirleitt í byrjun vetrar en hverfa á brott þegar líða tekur á, vanalega í apríl.

Mynd: Mikael Sigurðsson | mixitrixi2004@gmail.com.

Texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.